

Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 9. febrúar 2021  
Tilvísun: 202101-0066  
LÁ/PLP

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál

Vísað er í tölvupóst frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 21. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá virkjunarkosti sem eru settir í biðflokk og verndarflokk skv. framangreindri tillögu. Hvað varðar orkunýtingarflokk hefur Náttúrufræðistofnun áður gert athugasemdir er varða breytingar á flokkun virkjunarkosta og mat á gæðum gagna.

Mat á gæðum gagna, des. 2015: <https://www.ramma.is/media/gaedi-gagna/Umsogn-NI-gaedi-gagna-RA3-2016.pdf>

Austurengjar, mál 207:

[https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga\\_til\\_thingsalyktunar\\_um\\_aetlun\\_um\\_vernd\\_og\\_orkunytingu\\_landsvaeda\\_207\\_mal.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_aetlun_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_207_mal.pdf)

Hvammsvirkjun, mál 244:

[https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga\\_til\\_thingsalyktunar\\_um\\_vernd\\_og\\_orkunytingu\\_landsvaeda\\_244\\_mal\\_hvammsvirkjun.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_244_mal_hvammsvirkjun.pdf)

Breytingartillögur, mál 244:

[https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/thingsalyktun\\_um\\_aetlun\\_um\\_vernd\\_og\\_orkunytingu\\_landsvaeda\\_og\\_breytingartillogur\\_thar\\_vid\\_244\\_mal.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/thingsalyktun_um_aetlun_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_og_breytingartillogur_thar_vid_244_mal.pdf)

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar afhenti umhverfis- og auðlindaráðherra tillögur sínar að flokkun virkjunarkosta þann 26. ágúst 2016. Ýmislegt hefur breyst á þeim tíma sem liðinn er. Má þar nefna að Náttúrufræðistofnun Íslands lagði árið 2018 fram tillögur um verndarsvæði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár, Vatnajökulspjóðgarður varð heimsminjasvæði UNESCO árið 2019 og nýlegar náttúrufarsrannsóknir á Drangajökulssvæðinu styðja við hátt verndargildi svæðisins.

Í meðfylgjandi skjali (pdf) eru landupplýsingaþekjur faghóps 1 bornar saman við B-hluta tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar má glögglega sjá að tillögur um náttúruverndarsvæði skarast við landsvæði í orkunýtingarflokki.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson  
forstjóri





